



# ÁRSSKÝRSLA

## 2019-2020

# EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra .....	3
Ávarp stjórnarformanns .....	4
Starf stjórnar frá maí 2019 til maí 2020:	
Skipan stjórnar, stjórnarfundir, nokkrir punktar .....	5
Fulltrúaráð STEFs, kosningar 2020 og ný skipan .....	6
Breytingar á skrifstofu og skipuriti .....	6
Nýtt einkennismerki STEFs .....	7
Ytra umhverfi: Áhrif COVID-19 á starfsemi STEFs.....	8-10
Breytingar á skattlagningu höfundaréttartekna .....	10
Af vettvangi höfundaréttar ESB .....	11
Umsögn til Alþingis um breytingar á lögum um þjóðsönginn .....	12
Helstu verkefni starfsársins:	
Framtíðarstef .....	12
Concertify-verkefnið - samstarf um lifandi flutning .....	13
Dagur íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaunin .....	13
Samningar við tónlistarveitur .....	14
Tímamótasamningur við atvinnuleikhúsin .....	14
Utanlandsferðir STEFs kolefnisjafnaðar.....	14
Heiðursmerki STEFs .....	15
Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin .....	15
Útibúi NCB á Íslandi formlega lokað .....	15
Þjónustukönnun STEFs 2020 .....	15
Viðburðir af ýmsum toga:	
Tónleikar á Menningarnótt .....	16
Undirbúningur tónlistarmanna fyrir Airwaves .....	16
Námskeið í upptökutækni .....	16
Kynning á breyttum skattalögum .....	16
Málþing um kvikmyndatónlist .....	17
Kynning á leikhússamningum .....	17
Vinnustofur með tónlistarráðgjöfum .....	17
Árangri kvenna í tónlist fagnað .....	17
Umhverfis tónlistarheiminn á 120 mínútum .....	17
Tengd félög, nefndir og ráð .....	18
Menningarsjóður STEFs .....	19
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerðir FTT og TÍ .....	20-22
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2019 .....	23-27

# Ávarp framkvæmdastjóra

Þegar þetta starfsár STEFs er gert upp, eru mér efst í hug þau áhrif sem COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft á starfsemina og starfsumhverfi tónlistarmanna undanfarna mánuði. Ég geri orð annarrar konu úr tónlistarbransanum að mínum (með hennar leyfi):

*Þetta ástand hristir upp í öllum stoðum samfélagsins og heiminum í heild, allt er fordæmblaust og engin stoð merkari eða minni en önnur. En hafandi starfað í þessum iðnaði í að verða 20 ár, þá er það sárt að sjá listina sem allir vilja njóta og nýta sér á tímum sem þessum lenda harkalega á botninum vegna reglna sem eru á sama tíma settar fram til að vernda okkur öll. Ringulreiðin sem fylgir því að vera svona áttavilltur er því eitthvað sem þarf að bera virðingu fyrir og vonandi er hægt að finna viðeigandi lausnir. "Earth without "art" is just "Eh". —Steinunn Camilla Stones*

Veiran hafði þau áhrif, að Laufásvegi 40 var að mestu lokað fyrir gestum og flestir starfsmenn unnu störf sín í fjarvinnu um skeið. Þá fór STEF gagnert í að reyna að aðstoða meðlimi í ástandinu, með því að flýta úthlutunum, bjóða upp á staðlaðar fyrirframgreiðslur, einnig sem við stóðum að streymistónleikahaldi, sem nánar greinir frá í skýrslunni. Þetta var mögulegt í ljósi þess að rekstur STEFs stendur styrkum fótum. Ég er stolt af því, sem og því hve vel gekk að laga starfsemina að þessum breytingum og þakka ég starfsfólki kærlega fyrir góða samvinnu.

*... Á síðasta ári varð enn metúthlutun. Við verðum þó á að búa okkur undir að uppgjör næsta árs muni sýna töluvert tekjufall ...*

Á síðasta ári nutum við þess að árið þar á undan var metár í tekjum og gátum því úthlutað meira fé en nokkru sinni. Því er síðan ekki að neita, að það sést glögglega á ársreikningi STEFs nú, að erfiðar aðstæður á innlendum fjölmiðlamarkaði eru að hafa áhrif á reksturinn, en erlendar veitur á borð við Netflix taka til sín sífellt stærri hluta af affreygingarmarkaðinum. Þótt þangað slæðist ein og ein íslensk mynd eða þáttaröð, þá verður því ekki jafnað við notkun íslensks fjölmiðils á íslenskri tónlist. Eins verðum við nú að búa okkur undir að uppgjör næsta árs muni sýna töluvert tekjufall vegna rekstrarvanda fjölmargra viðskiptavina STEFs í kjölfar COVID-19 (nánar um þær vangaveltur hér í skýrslunni). Fyrirséð tekjufall mun óhjákvæmilega koma niður á úthlutunum á komandi misserum, en að sjálfsögðu mun skrifstofa STEFs gæta aðhalds í rekstri til að takmarka tjón meðlima eins og kostur er.

Einn af hápunktum starfsársins er án efa sá, að langbráð baráttumál höfunda náðist í höfn með breytingu á skattalögum um s.l. áramót, en þaðan í frá flokkast höfundaréttargreiðslur sem fjármagnstekjur í stað launatekna. Það er vitaskuld búbot fyrir réttthafa, en frá þessu er nánar greint hér í skýrslunni.

Ekki verður starfsárið kvatt án þess að minnst á stórt skref sem stigið var í hugbúnaðarmálum samtakanna, þegar tekið var í notkun nýtt gagnagrunnskerfi, „Framtíðarstef“. Í kjölfarið var hleypt af stokkunum nýjum „Mínum síðum“, sem eru angi af kerfinu, með breyttu og betra viðmóti fyrir meðlimi, þar sem þeir geta m.a. skráð inn ný verk o.fl. Tók nýja kerfið við af kerfinu „STEF2000“, sem aftur byggði á kerfi frá árinu 1984. Magnús Guðmundsson, starfsmaður STEFs um áratugaskeið, átti veg og vanda af báðum eldri kerfunum og kom einnig að þróun „Framtíðarstefs“. Þá vinnu leiddi verkefnisstjóri hugbúnaðarþróunar, Hilmar Kári Hallbjörnsson, með dyggrri aðstoð frá nemum á lokaári í tölvunarfræði HR, en einn þeirra, Hreiðar Kristinn Hreiðarsson, var í kjölfarið ráðinn til STEFs. Víst er að hið nýja kerfi leiðir til betra aðgengis að upplýsingum og auðveldar vinnu bæði starfsfólks og meðlima STEFs.

Reykjavík, 12. maí 2020

Með vorkveðju,



**Guðrún Björk Bjarnadóttir**

## Ávarp stjórnarformanns STEFs

Það ár sem nú er gert upp leið nokkuð ljúflega miðað við árin þar á undan. Þegar horft er til síðustu ára hefur STEF staðið frammi fyrir ótrúlega stórum verkefnum af öllum toga, hvort sem varðar innra eða ytra starf samtakanna. Breytingar á samþykktum til samræmis við tilskipun frá Evrópusambandinu var ekki lítið verkefni, sama má segja um endurbætur á húsnæði sem kröfðust flutnings skrifstofunnar í heilt ár, breytingar á verðskrá og þannig mætti áfram telja. Samhliða þessu öllu hafa heildartekjur STEFs náð að aukast ár frá ári og reksturinn í heild gengið mjög vel. Sjórinn var því ósköp lygn allt síðasta ár, þótt vissulega hafi stórum verkefnum verið ýtt úr vör með haustinu, svo sem endurnýjun samninga STEFs við stórar stofnanir og fyrirtæki á borð við RÚV, Sýn og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Það skal því engan undra, að ég er í dag, eins og örugglega flestir aðrir, uppteknari af öllu því sem á hefur dunið það sem af er þessu ári, en hinu friðsama ári 2019. COVID-19 faraldurinn hefur haft gífurleg áhrif á alla sem starfa innan lista- og menningargeirans á heimsvísu. Frá því ég hóf afskipti af félagsmálum listafólks árið 2015 hefur aldrei áður verið í svo mörg horn að líta sem nú. Á sama tíma hef ég aldrei upplifað jafn sterka samstöðu meðal listafólks, þvert á listgreinar. Þó virðist það jafnframt óhjákvæmilegt þegar óttast er um afkomu sína að tekist er á um einstök mál eins og dæmin hafa sannað á síðustu vikum. Það er að mínu mati eðlilegt og er yfirleitt til marks um undirliggjandi vandamál sem hafa lengi verið til staðar en skjóta upp kollinum á ný undir þessum kringumstæðum og brýnt er að leysa. Tíminn er núna, tækifærið er núna.

*... Sagan kennir okkur að listir og menning blómstra á aðkrepptum tímum. Undirbúum jarðveginn svo upp vaxi ný grasrót, því þaðan sprettur þetta allt saman ...*

Þrátt fyrir að starfsöryggi okkar allra sé verulega ógnað á þessum tímum er einhver orka áþreifanleg sem ég hef ekki skynjað svona skýrt áður. Ef þessi orka finnur sér góðan farveg mun sköpunin ná nýjum hæðum á næstu árum. Það er augljóst að tekjur STEFs af lifandi flutningi og bakgrunnstónlist munu falla verulega fyrir þetta ár og við munum finna fyrir því í næstu úthlutunum. En sagan kennir okkur að listir og menning blómstra á aðkrepptum tímum. Við erum stödd í uppskerubrestinum miðjum og sjáum mögulega ekkert nema sviðna jörð. Þá er okkar verkefni að undirbúa jarðveginn svo upp vaxi ný grasrót, því þaðan sprettur þetta allt saman.

Reykjavík, 20. maí 2020

Þórunn Gréta Sigurðardóttir

## Formáli

Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á árinu 2019, lykiltölur úr rekstri og yfirlit yfir starfsemi og úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna yfirlit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

## Starf stjórnar frá maí 2019 til maí 2020

### Í stjórn STEFs á liðnu starfsári áttu sæti:

Þórunn Gréta Sigurðardóttir, formaður  
Bragi Valdimar Skúlason, varaformaður  
Jakob Frímann Magnússon  
Hjálmar H. Ragnarsson  
Sigurður Flosason  
Páll Ragnar Pálsson  
Óttarr Ó. Proppé

- Varamenn í stjórn voru Þuríður Jónsdóttir, Margrét Kristín Sigurðardóttir, Helgi Björnsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Gunnar Andreas Kristinsson og Salka Sól Eyfeld.
- Á starfsárinu samþykkti stjórn sérstaklega reglur um áhættustýringu. Eru þær aðgengilegar á heimasíðu STEFs.
- Á starfsárinu samþykkti stjórn einnig persónuverndarreglur STEFs, en STEFi var skylt að setja sér slíkar reglur í samræmi við breytingar á lögum um persónuvernd.

Stjórn STEFs samþykkti í nóvember 2019 nýjar verklagsreglur varðandi úthlutun fyrir árhátíðir, skólaböll og tónlistarhátíðir, sem ganga út á að nota meðaltal tekna fyrir árhátíðir og skólaböll til að úthluta á þá lagalista sem berast STEFi. Slíkt tryggir þeim sem skila inn lagalistum ákveðna lágmarksúthlutun, án tillit til þess hvort innheimta hafi tekist af viðkomandi viðburði. Við úthlutun fyrir tónlistarhátíðir er miðað við meðaltal hljómsveita/flytjenda á hverri hátíð fyrir sig og á þann hátt hægt að áætla betur hversu mikið væri hægt að úthluta til hvers lags fyrir sig skv. innsendum lagalistum.

Stjórn STEFs samþykkti einnig nýjar verklagsreglur um úthlutun fyrir kynningarstef í mars 2020, svo og nýjar verklagsreglur um lágmarksfjárhæð úthlutunar, sem nú er 1.000 kr. burtséð frá tegund úthlutunar.

Sérstök jafnfréttisnefnd STEFs var stofnuð á starfsárinu. Í henni sitja Hera Björk Þórhallsdóttir, Halldór Smáráson, Lára Rúnarsdóttir og Jakob Frímann Magnússon. Er nefndinni ætlað að móta tillögur til stjórnar STEFs að átaksverkefnum í þágu jafnréttis.

## Fulltrúaráð STEFs

Haldinn var opinn fundur fyrir meðlimi STEFs og aðra áhugasama í framhaldi af aðalfundi fulltrúaráðs STEFs 2019, þar sem kynnt var ársskýrsla og ársreikningur samtakanna. Fulltrúaráð fundaði síðan þann 16. desember 2019, þar sem gerð var grein fyrir helstu lykiltölum í úthlutunum ársins 2019, ásamt því sem Dr. Rán Tryggvadóttir kynnti nýja tilskipun Evrópusambandsins um höfundarétt á hinum stafræna innri markaði. Þá fór fram kynning á breytingum á lögum er varða skattlagningu höfundaréttartekna.

Kosningar í fulltrúaráð 2020-2022 fóru fram í aprílmánuði 2020. Var nú í fyrsta skipti kosið eftir nýju fyrirkomulagi, skv. breytingum sem gerðar voru á samþykktum á árinu 2018. Helsti munurinn er sá, að nú eru 19 af 21 fulltrúa kosnir beinni kosningu (formenn aðildarfélaganna eru sjálfkjörnir). Í samþykktum er nú kveðið á um að fimm sæti hið minnsta skuli vera skipuð rétthöfum úr FTT, fimm úr TÍ og fimm aðilum utan félaga. Eftir að þeim skilyrðum er fullnægt fara sætin fjögur sem eftir eru einfaldlega eftir atkvæðamagni, burt séð frá félagsaðild.

Boðið var upp á rafræna kosningu í fyrsta sinn sem og bréflaga kosningu. Kosningabáttaka var 31,05% sem er töluverð aukning frá árinu 2018, en þá var kosningabáttaka 19,5%. Þessa auknu kosningabáttöku má aðallega rekja til þess að nú var boðið upp á rafræna kosningu.

Þrjátíu aðilar buðu sig fram til setu í fulltrúaráði 2020-2022. Eftirfarandi náðu kjöri:

Bragi Valdimar Skúlason (sjálfkj. form. FTT)	Jakob Frímann Magnússon (FTT)
Þórunn Gréta Sigurðardóttir (sjálfkj. form. TÍ)	Katrína Mogensen (utan félaga)
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (FTT)	Logi Pedro Stefánsson (FTT)
Auðunn Atlason (utan félaga)	Óttar Proppé (utan félaga)
Gunnar Andreas Kristjánsson (TÍ)	Páll Ragnar Pálsson (TÍ)
Gunnar Þórðarson (FTT)	Pétur S. Jónsson (FTT)
Hafdís Bjarnadóttir (TÍ)	Sigríður Thorlacius (utan félaga)
Hallur Ingólfsson (FTT)	Sigurður Flosason (FTT)
Hera Björk Þórhallsdóttir (utan félaga)	Snorri Helgason (FTT)
Hildigunnur Rúnarsdóttir (TÍ)	Úlfar Ingi Haraldsson (TÍ)
Hildur Kristín Stefánsdóttir (FTT)	


## Breytingar á skrifstofu og skipuriti

Samþykkt hefur verið breyting á skipuriti STEFs, sem felur í sér hækkun á starfshlutfalli um 0,25. Eftir breytinguna verða starfsmenn alls 12, en stöðugildi/starfshlutfall 9,75. Breytingin felst einkum í því að sölu- og markaðsstjóri STEFs, Hrafnkell Pálmarsson, færist til í starfi og ber eftirleiðis titilinn *verkefnastjóri miðla og erlendra innheimtu*. Ráðinn hefur verið nýr forstöðumaður sölu- og innheimtusviðs, Guðmundur Þór Guðjónsson, en hann hóf störf þann 1. maí. Þá hefur Hreiðar Kristinn Hreiðarsson verið ráðinn í fullt starf sem verkefnisstjóri hugbúnaðarmála, en tekur hann við af Hilmari Kára Hallbjörssyni, sem hyggst flytjast búferlum til Bandaríkjanna á næstunni. Er Hilmari óskað velfarnaðar á nýjum slóðum og honum þökkud góð störf. Hreiðar hefur undanfarið starfað við hlið Hilmars við innleiðingu nýja gagnagrunnskerfisins og eru honum því hæg heimatökin með að halda áfram því mikilvæga starfi. Á starfsárinu lét Sigurlín Bjarney Gísladóttir af störfum, en hún hafði um áráraðir starfað fyrir samtökin, oft komið inn á álagstímum í tímabundin verkefni, en einnig verið í föstu starfi, sem sveiflaðist eftir þörfum samtakanna og öðrum störfum Bjarneyjar. Við njótum þess að sjá hana nú blómstra á ritvellingum og við kennslustörf.

# Skipurit STEFs

1. júní 2020

12 starfsmenn (9,75 stöðugildi)



## Ný útgáfa af einkennismerki STEFs


Stjórn STEFs samþykkti nýja útgáfu af einkennismerki (logo) STEFs, sem og nýtt slagorð. Hægt er að nota báðar útfærslur, með eða án slagorðs, eftir því sem passar hverju sinni.



## Ytra umhverfi

### Áhrif COVID-19 á starfsemi STEFs

Það er kunnara en frá þurfi að greina, að heimsfaraldurinn COVID-19 hefur haft mikil og mestmegnis neikvæð áhrif á flestum sviðum mannlífs, m.a. á fjárhagsstöðu fjölmargra, ekki síst listafólks, þar sem allar samkomur umfram tiltekin mörk hafa verið bannaðar um nokkurra mánaða skeið. Um leið hefur þessi faraldur haft mikil áhrif á starfsemi STEFs, bæði á skrifstofuna sem og á þann hátt, að STEF hefur reynt að milda áhrifin á bæði viðskiptavini og meðlimi, eins og hér verður aðeins nánar lýst. Þá hefur STEF einnig komið að vinnu tónlistargeirans í heild varðandi upplýsingagjöf til yfirvalda og ráðleggingar um aðgerðir.



### Skrifstofa STEFs á veirutímanum

Í upphafi faraldursins voru starfsmönnum STEFs gefið sjálfðæmi um það hvort þeir mættu á skrifstofuna eða stunduðu fjarvinnu að heiman, líkt og hvarvetna tíðkaðist. Auk þessa voru settar verklagsreglur um umgengni gesta og viðskiptavina STEFs svo og um notkun á sameiginlegri aðstöðu starfsmanna og starfsmenn hvattir til aukins handþvottar og sprittunar, auk þess sem snertifletir voru þrífir tíðar en áður. Seinnipart marsmánaðar breyttist staðan þó til hins verra og í kjölfar hertra reglna yfirvalda um samkomur og voru starfsmenn þá hvattir til að vinna heiman frá sér. Um 3-4 starfsmenn kusu þó að mæta á Laufásveginn að staðaldri. Búið var nota tímunn vel fyrir hert samkomubann og tölvukostur endurnýjaður að hluta til að koma upp fjartengingum fyrir þá starfsmenn sem það þurftu. Voru síðan teknir upp reglulegir fjarfundir með öllum starfsmönnum tvisvar sinnum í viku. Þann 4. maí snéru nær allir starfsmenn til baka á Laufásveginum, en áfram gilda tilteknar verklagsreglur um umgengni, líkt og á vinnustöðum víðast hvar. Almennt gekk starfsmönnum vel að laga sig að breyttum aðstæðum og gerðu sitt besta og er starfsfólki þakkaður skilningur og liðlegheit í ástandinu.

### Viðburðum frestað

Fyrirhugðum viðburði STEFs og ÚTÓN í marsmánuði um lagasmíðar fyrir K-Pop markaðinn var frestað til haustsins og um leið þeim þriggja daga lagasmíðabúðum, sem búið var að skipuleggja með nokkrum lagahöfundum frá Ekko Music Rights.

Ferð starfsmanna til systursamtaka STEFs í Hollandi var einnig frestað um óákveðinn tíma.

### Úthlutunum flýtt

Úthlutunum STEFs á vormánuðum var flýtt eins og hægt var til að koma til móts við atvinnleysi og tekjuskort tónlistarmanna. Tvær úthlutanir áttu sér stað í byrjun aprílmánaðar og nú í maímánuði verður úthlutað fyrir tónleika, einnig sem í maí verður fyrri hluti aðalúthlutunar (miðsumarsúthlutun) greidd út, sem yrði undir venjulegum kringumstæðum í júní.

### Staðlaðar fyrirframgreiðslur

Stjórn STEFs tók þá ákvörðun að bjóða meðlimum upp á staðlaða fyrirframgreiðslu, í von um að það geti létt eilítið undir eða brúað einhver bil hjá höfundum. Þetta úrræði er auðvitað valkvætt, en býðst þeim sem fengu að lágmarki úthlutað samtals 400.000 krónum á árinu 2019, en þeir voru um 200 talsins. Heildarupphæðin sem sett



er í þetta úrræði nemur 56 milljónum, en úrræðið stendur til boða út árið 2020. Þeir sem nýta sér það fyrir 1. september n.k. fá greiðsluna afdregna við aðalúthlutun í desember. Af þeim sem nýta úrræðið eftir 1. september verður dregið í úthlutunum næsta árs.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

- Þeim sem fengu úthlutað meira en 3 millj. árið 2019 bjóðast 750þ kr.
- Þeim sem fengu úthlutað 1,5 – 3 millj. árið 2019 bjóðast 500þ kr.
- Þeim sem fengu úthlutað 1 – 1,5 millj. árið 2019 bjóðast 300þ kr.
- Þeim sem fengu úthlutað 600þ – 1 millj. árið 2019 bjóðast 200þ kr.
- Þeim sem fengu úthlutað 400þ – 600þ árið 2019 bjóðast 150þ kr.

## Tónastreymi – tónleikaröð

STEF hafði frumkvæði að því að halda tónleikaröð í samstarfi við Austurbæ, AUR, Luxor, Íslandsstofu og NOVA TV, sem streymt var á netinu og í NovaTV-appinu á meðan samkomubann stóð yfir. Þannig lögðum við okkar af mörkum til tónlistarmanna/höfunda sem voru atvinnulausir á þessu tímabili. Á hverjum tónleikum komu fram þrjú atriði og lék hvert þeirra um 20-25 mínútna. Gátu tónlistarmenn sótt um að koma fram á tónleikunum, en Rósa Birgitta Ísfeld var verkefnisstjóri. Þeir sem fylgdust með streyminu voru hvattir til að leggja til frjáls framlög til þeirra sem fram koma í gegnum AUR-appið, en STEF ábyrgðist þó ávallt ákveðna lágmarksgreiðslu til þeirra sem fram komu. Var þetta um leið tilraun til að sjá hvort slíkt myndi skila einhverju í vasa tónlistarmanna. Skemmst er frá því að segja, að tilraunin sýndi að afskaplega fá frjáls framlög bárust. Þeim tónlistarmönnum sem fram komu er sérstaklega þakkað, en þetta voru þau *Emmsjé Gauti*, *Beebee and the Bluebirds*, *Davíð Berndsen*, *Elin Ey*, *GKR (Gaukur)*, *Cell7 (Ragna Sæmundsdóttir)*, *Benni Hemm Hemm*, *Kristin Anna Valtysdóttir*, *Ólöf Arnalds*, *Teitur Magnússon*, *Bríet* og *Una Stef & the SP74*.

## Tilkynning um verðskrá streymistónleika

Í samkomubanninu fóru margir þá leið að reyna að streyma tónleikum í stað, bæði til að létta þeim lund sem heima sátu, en um leið til tekjuöflunar. Í kjölfarið komu fram margar spurningar um það hvernig STEF myndi höndla slíkt tónleikahald þegar kemur að höfundaréttargreiðslum. Í tilkynningu sem STEF sendi út kom fram, að í þeim tilvikum sem tónlistarmennirnir sjálfir væru að streyma meðan á samkomubanni stendur, myndi STEF ekki innheimta höfundaréttargjöld. Í því sambandi var minnst á, að STEF er bæði með samninga við Facebook og YouTube. En jafnframt var tekið fram, að í þeim tilvikum sem fyrirtæki eða opinberar stofnanir streymdu tónleikum (m.a. í kynningarskygni fyrir eigin starfsemi) bæri þó að greiða höfundaréttargjöld til STEFs skv. verðskrár sem um það gilda. Þeir sem að tónleikunum stóðu, svo og höfundar, voru síðan hvattir til þess að senda STEFi lagalista á hefðbundinn hátt í gegnum heimasíðu STEFs, þannig að hægt verði að úthluta höfundaréttartekjum til höfunda þeirra verka sem flutt voru.

## Fyrirsjáanlegt tekjutap STEFs v. COVID-19

STEF hefur framkvæmt mjög grófa og varlega áætlun um tekjur árið 2020. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir allnokkru tekjutapi miðað við árið 2019. Tekjutapið mun aðallega og eðlilega tengjast minna tónleikahaldi og samdrætti á öllum sviðum þjónustu, svo sem hjá verslunum, veitingahúsum, heilsurækt, o.fl. (það sem flokkast sem „bakgrunnstónlist“). Þá má einnig búast við að tekjur af útvarps- og sjónvarpsstöðvum dragist saman, þar sem tekjur STEFs af þeim miðlum eru beintengdar tekjustreymi þeirra og því er fyrirsjáanlegt að minni auglýsingasala komi niður á tekjum STEFs. Svipaða sögu verður líkast til að segja af tekjum erlendis frá, þar sem veirufaraldurinn hefur haft sín áhrif á öllum sviðum, líkt og hér heima.

Hvað varðar tónleika sérstaklega, þá er vert að benda á að sá angi tónlistargeirans mun væntanlega vera nokkuð lengi að jafna sig, líklega mun lengur en samkomubönn gilda. Bæði er líklegt að eftir að faraldrinum lýkur, þá muni nokkur fjöldi fólks samt sem áður vera vart um sig og veigra sér við því að sækja mannargar samkomur. Þá eru stærri tónleikar þess eðlis, að þeir eru oft auglýstir með margra mánaða fyrirvara (stundum allt upp undir heilt ár fram í tímann). Þá er einnig ljóst að ekki er arðbært að halda tónleika í helstu tónleikasölum landsins ef tónleikahaldarar þurfa að búa við fjöldatakmörkunir.

Mjög varlega áætlað má búast við að samdráttur v. tónleika muni verða um 35%, eða um 27 milljónir króna, þótt líklega verði sá samdráttur enn meiri. Áætla má lauslega að samdráttur af tekjum tengdum útvarps- og sjónvarpsstöðvum muni nema a.m.k. 10%, eða um 31 milljón króna. Hvað varðar tekjur af bakgrunnstónlist, má við því búast að samdráttur muni að lágmarki nema um 25-30%, eða sem svarar til 60 milljónum króna. Þá eru ótaldir ýmsir minni liðir sem gert er ráð fyrir að dragist saman, svo sem útfarir og leikhús, svo eitthvað sé nefnt.

Að líkindum munu verslanir og veitingahús vera allengi að ná sama dampi og áður, þrátt fyrir afléttingu samkomubanns, þar sem á þeim vettvangi hafa margir byggt afkomu að töluverðu leyti á ferðafólki, en fyrirséð er að hingað mun ekki streyma ferðafólk í miklu mæli fyrsta kastið, sem einnig hefur sín áhrif á tónleikahátíðir, o.s.frv.

Við höfum lauslega áætlað að samtals muni samdráttur v. COVID-19 samsvara rúmum 120 milljónum króna. Rétt er að setja þann fyrirvara, að ef ástandið mun vara lengur en í 4-5 mánuði, þá verði samdráttur fjórsjónlegur meiri.


## Unnið að tillögum til stjórnvalda v. COVID-19

Stjórnvöld hafa brugðist við heimsfaraldrinum á margvíslegan hátt, en því miður hafa ekki margar þeirra aðgerðum sem kynntar hafa verið nýst sjálfstætt starfandi tónlistarfólki. Þær aðgerðir sem snúa sérstaklega að listum og kynntar hafa verið, eru annars vegar framlag í *Tónlistarsjóð* upp á 86 milljónir, sem úthlutað verður sérstaklega með rýmri skilyrðum en annars gilda um styrki sjóðsins, og hins vegar var samþykkt að hækka framlag til starfslauna listamanna um 260 milljónir, eða sem nemur 600 mánaðarlaunum. Þá var menningarpottur Reykjavíkurborgar stækkaður og er nú opinn fyrir umsóknum frá sjálfstætt starfandi listamönnum.

STEF hefur unnið að því ásamt öðrum hagsmunaaðilum innan tónlistargeirans að móta tillögur til aðgerða er nýtast betur sjálfstætt starfandi listamönnum, sem og að afla upplýsinga um áhrif faraldursins á tónlistargeirann í heild. Er verið að vinna í sameiginlegri skýrslu þessara aðila, sem afhent verður stjórnvöldum fljótlega. Helstu tillögur skýrslunar eru m.a. hækkan á endurgreiðslu hljóðritunarkostnaðar hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í 35%, auk þess sem endurskoða þarf reglur sjóðsins um lágmark tímatalengdar efnis sem er hljóðritað, sem og endurgreiðslur vegna eigin launa umsækjenda. Þá er einnig lögð til hækkan á beinu framlagi til *Hljóðritasjóðs* og undirbúningur á markaðssetningu fyrir tónleikaferðir, þegar ferðatakmörkunum lýkur, s.s. með verkefnafé í Útflutningssjóð.

## Breytingar á skattlagningu höfundaréttartekna

Haustið 2019 var langþráðu baráttumáli höfunda náð í höfn með breytingum á skattalögum, sem fela í sér töluverða kjarabót fyrir meðlimi STEFs. Forysta STEFs hafði um áratuga skeið barist fyrir þessu máli og hafa ýmsir lagt hendur á plóginn. Það er þó ekki á neinn hallað þegar sagt er að þetta mál náðist að lokum í höfn með miklu atfygli og umleitunum Jakobs Frímanns Magnússonar, enda hafa hin nýju lög stundum verið kölluð „Frímannslögin“ í röðum höfunda. Samhliða lagabreytingunni gaf fjármálaráðuneytið út reglugerð sem skýrði nánar út hið breytta fyrirkomulag. Átti STEF allmarga fundi með fulltrúum ráðuneytis og Ríkisskattstjóra vegna þessa.



Frá og með 1. janúar 2020 urðu höfundaréttargreiðslur skattlagðar sem **fjármagnstekjur einstaklinga utan rekstrar** (eins og það er kallað í lögnum), í stað þess að flokkast og skattleggjast sem hefðbundnar launagreiðslur, eins og áður var. STEF heldur nú eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskattsins við úthlutanir til allra einstaklinga og stendur skil á því til skattayfirvalda. Upplýsingar um höfundaréttartekjur frá STEFi og skattheimtu eru síðan forskráðar á skattframtöl rétthafa. Fáir höfundar höfundaréttartekjur annars staðar frá, sem teljast tekjur vegna „síðari afnota“ (eins og það er kallað í hinum nýju lögum), getur viðkomandi einnig talið þær tekjur fram sem fjármagnstekjur. Það er þá gert eftir á, á skattframtali viðkomandi rétthafa. Dæmi um slíkt gæti verið tekjur vegna leigu eða sölu á nótum eða vegna afnota á tónverki í auglýsingu eða tekjur sem höfundar fá frá tónlistarforleggjurum (e. publishers).

## Um höfundaréttartekjur og rekstrarfélög

STEFi ber ekki að að draga fjármagnstekjuskatt frá þeim höfundum sem framselt hafa fjárhagslegan hluta höfundaréttar síns til rekstrarfélags í þeirra eigu eða annarra. Þær úthlutanir renna því óskertar frá STEFi til viðkomandi félaga, sem síðan eru skattlögð skv. reglum sem gilda um viðkomandi félagaform.

Hins vegar er ljóst, að það er eingöngu í undantekningartilvikum sem að það borgar sig fyrir meðlimi STEFs að láta tekjur frá STEFi renna inn í rekstrarfélög. Sérfræðingar hafa bent á, að frádráttarbær kostnaður þurfi að vera um og yfir 40% af rekstrartekjum viðkomandi félags svo að sú leið feli í sér ávinning umfram hina leiðina.

Höfundar, sem hafa hingað til kosið rekstrarfélagsleiðina, ættu að ígrunda hvort þeir kjósi að fá fjárhagslegan hluta höfundaréttarins endurframseldan til sín sem einstaklinga. Til þess að af slíku geti orðið þarf STEF að fá yfirlýsingu frá forráðamönnum viðkomandi félaga, þess efnis að réttindin hafi verið framseld aftur til viðkomandi höfundar. Útbúið hefur verið eyðublað sem auðveldar meðlimum STEFs að framselja rétt til höfundaréttargreiðslna frá slíkum rekstrarfélögum og aftur til viðkomandi höfundar. Hægt er að nálgast eyðublaðið á heimasíðu STEFs.

Breytingarnar á skattalögnum og áhrif þeirra á meðlimi STEFs voru kynntar á sérstökum kynningarfundum í september 2019, auk þess sem þær voru kynntar með rafrænu fréttabréfi STEFs og á samfélagsmiðlum. Öllum rekstrarfélögum sem taka við greiðslum frá STEFi var auk þess send sérstök tilkynning með tölvupósti.

## Af vettvangi höfundaréttar í ESB

STEF er aðili að Evrópusamtökum höfundaréttarsamtaka, GESAC, sem hefur aðsetur í Brussel. Er aðild STEFs að samtökunum helsta aðferð STEFs til að fylgjast með þróun höfundaréttar í ESB og þá um leið í nágrennaríkjum og systursamtökum STEFs.

Á vettvangi GESAC hefur að undanförunu mikið verið fjallað um hina svo kölluðu „DSM-tilskipun“, eða tilskipun 2019/790/ESB um höfundarétt í hinum stafræna innri markaði og þá sérstaklega hvað varðar 17. grein hennar. Liggur fyrir að Ísland mun innleiða þessa tilskipun á næstunni. Þá er GESAC einnig að skoða sérstaklega rétt til bóta vegna eintakagerðar til einkanota, sem og s.k. „einkaups-samninga“, eða „buy-out“ samninga, sem höfundar gera um framsal höfundaréttar. Slíkir samningar eru að verða algengari, þar sem fleiri og fleiri veitur eru ekki eingöngu dreifingaraðilar tónlistar, heldur um leið framleiðendur hennar (sem hluti af þáttum og kvikmyndum sem þeir framleiða). Í þessu sambandi er mikilvægt að gera greinarmun á launum fyrir að semja viðkomandi tónlist og á tekjum fyrir notkun hennar.

Í fyrsta skipti virðist einnig vera kominn þungi í að skoða tekjuhlutdeild höfunda frá veitum eins og Spotify, miðað við tekjuhlutdeild framleiðenda og flytjenda (markmið höfunda er að ná 30% tekjuhlutdeild).

Framkvæmdastjórn ESB hefur í hyggju að skoða sérstaklega markaðstök (markaðsvald) og Spotify, m.a. með hliðsjón af ákvörðunum um það hverjir komist á lágalista, en slík ákvörðun getur haft grundvallaráhrif á tekjumöguleika tónhöfunda.

## Umsögn til Alþingis um breytingu á lögum um þjóðsönginn

STEF sendi inn umsögn um málið og benti á að STEF setti sig ekki upp á móti því að takmarkanir á flutningi þjóðsöngsins verði afnumdar, en þó innan þess ramma að sæmdar verði gætt gagnvart einkennum tónverksins og að höfundar væru nafngreindir að því marki sem hægt væri að koma því við. Þá lagði STEF til, að í stað þess að afnema eingöngu tiltekna takmarkanir úr núgildandi lögum, væri skynsamlegra að endurskoða lögin heilstætt, þar sem lögin væru að mörgu leyti úrelt.

## Helstu verkefni starfsársins

### Framtíðarstef

„Framtíðarstef“, sem er heiti á nýju gagnagrunnskerfi STEFs, var formlega tekið í notkun þann 4. febrúar 2020 með fögnuði. Það var sjálfur Björgvin Halldórsson sem fenginn til að ræsa kerfið, því stundum er í bransanum sagt að það sé „ekki ‚Go‘ fyrir en Bo segir ‚Go““. Með Framtíðarstefi hefur eldra gagnagrunnskerfi STEFs verið sett yfir á nýtt forritunarmál, auk þess sem það hefur verið þróað lengra, en kerfið býður nú upp á nokkra mjög mikilvæga og nýja möguleika. Kerfið er nú vistað á netinu (e. web-based), en eldra kerfi var það sem kallast „desktop“, þannig að nú geta starfsmenn STEFs notað kerfið og gagnagrunninn frá hvaða tölvu sem er með rétttri auðkenningu. Kerfið skráir nú sjálfkrafa ný verk sem höfundar tilkynna, en áður þurftu starfsmenn að handskrifa verk inn í gagnagrunninn. Það verklag er þó innbyggt í kerfið að skráð verk fara til samþykktar starfsmanna, áður en þau vistast endanlega í kerfið.

Auk þessa sendir kerfið nú sjálfkrafa verk inn í alþjóðlega gagnagrunna. Einnig er nú auðveldara að sjá upplýsingar um úthlutanir en áður, t.d. úthlutanir vegna tiltekinna verka. Hið nýja kerfi gerir einnig skráningu vegna lifandi flutnings auðveldari, m.a. með flettilistum inn á tiltekna tónleikastaði og fara innsendir lagalistar sjálfkrafa inn í kerfið, í stað þess að starfsmenn STEFs taki við þeim og endurskrái. Hér er aðeins stiklað á mjög stóru hvað varðar þær breytingar sem hið nýja kerfi hefur í för með sér. Það heldur svo áfram að þróast í hugbúnaðardeild STEFs.



Bo ræsir nýja gagnagrunnskerfið



### Nýjar „Mínar síður“

Í kjölfar vígslu Framtíðarstefs setti STEF í loftið nýja útgáfu af „Mínum síðum“ í aprílmánuði. Þar geta meðlimir nálgast upplýsingar um verk sín og úthlutanir. Þetta er stór áfangi, en lengi hefur verið stefnt að því að bæta þessa þjónustu við meðlimi. „Mínar síður“ tengjast nú beint inn í Framtíðarstef. Ein helsta breytingin snýr að skráningu nýrra verka, en hér eftir skrá höfundar verk inni á „Mínum síðum“, í stað þess að gera það í gegnum heimasíðu STEFs. Með þessu eykst rekjanleiki og áreiðanleiki skráninga, þar sem allir sem nota „Mínar síður“ verða að auðkenna sig fyrst. Slíkt einfaldar einnig skráningu meðhöfunda frá því sem var.

Auk þess er nú hægt að skrá ISRC-kóða með verkum (kennitölu hverrar upptöku, sem höfundar fá við skráningu hjá hljodrit.is).

Höfundar geta nú einnig sótt upplýsingar um úthlutanir sínar í Excel-formi og unnið áfram með þær á þann hátt sem hentar. Þá hafa höfundar nú möguleika á að veita umboðsmönnum, eða öðru samstarfsfólki, umboð til að skrá verk fyrir sína hönd og fá upplýsingar um úthlutanir.

Við vonum að þetta falli meðlimum STEFs vel í geð um leið og hvetjum alla til að senda inn ábendingar um það sem betur mætti fara á „Mínum síðum“. Gott er að senda slíkar ábendingar á info@stef.is, merkt "Ábendingar - Mínar síður".

## Concertify – samstarf um upplýsingar um lifandi flutning

STEF hefur samþykkt að gera samning við finnskt fyrirtæki, *Mind your Rights* (sem áður var í eigu TEOSTO, systursamtaka STEFs í Finnlandi). Samningurinn gengur út á samstarf við þróun á vettvangi fyrir höfundaréttarsamtök við að fylgja eftir innheimtu á tónleikum milli landa. Í þessu samstarfi með finnsku samtökunum eru nú þegar PRS í Bretlandi og IMRO á Írlandi, auk þess sem fleiri samtök eru að nota vettvanginn. Fyrir STEF eru þarna miklir möguleikar á að auka tekjur af tónleikum íslenskra tónlistarmanna erlendis. Með samningnum skuldbundur STEF sig til næstu mánaða að taka þátt í þróun kerfisins, en við lok þróunartímabilsins verður samið um verð fyrir notkun þess, vilji STEF halda nýta kerfið í starfsemi sinni. Okkur líst einstaklega vel á þetta verkefni og teljum að það geti orðið STEFi til mikillar aðstoðar varðandi erlenda innheimtu fyrir lifandi flutning í framtíðinni.

## Dagur íslenskrar tónlistar

Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn hátíðlegur af Samtóni þann 5. desember 2019. Fór athöfn fram í Iðnó og annaðist Margeir Steinar Ingólfsson verkefnisstjórn. Í Iðnó voru flutt lög *Enginn eins og þú* eftir Auði, *Ammæli* eftir Sykurmolana og lagið *Froðan* eftir Geira Sæm og Þorvald Bjarna Þorvaldsson, en hið síðstnefnda var sungið af Ragnari Bjarnasyni og Eyþóri Inga Gunnlaugssyni. Má þess geta, að Geiri Sæm lést 10 dögum síðar eftir erfið veikindi og í febrúar kvaddi Ragnar Bjarnason. Gerður G. Bjarklind, sem fyrr á árum stýrði *Lögum unga fólksins* og *Óskastundinni* á Rás 1, hlaut heiðursverðlaun Samtóns þetta árið. Þrenn önnur verðlaun voru einnig afhent í tilefni dagsinn; nýsköpunarverðlaun, útflutningsverðlaun og hvatningarverðlaun Samtóns. Nýsköpunarverðlaun hlaut Bjarni Gaukur Sigurðsson, eigandi Mengis á Óðinsgötu. Útflutningsverðlaun hlaut *Icelandair* og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hlaut hvatningarverðlaun sem „tákn fyrir þakklæti,“ eins og Jakob Frímánn orðaði það, fyrir að hafa staðið að skattalagabreytingum sem snúa að höfundarrétti og frá greinir hér að ofan.



Gerður Bjarklind brosir í Iðnó

## Íslensku tónlistarverðlaunin



Auður hampar verðlaunum

Íslensku tónlistarverðlaunin voru haldin hátíðleg af Samtóni þann 11. mars 2020 í Hörpu, rétt fyrir samkomubannið. Vegna þess að í loftinu lá að slíkt bann yrði sett á fljótlega, þurfti að gæta að ótalmörgum atriðum síðustu dagana fyrir hátíðina og má segja að framkvæmdastjórn ÍTV hafi verið í stöðugri krísustjórnun þessa daga og unnið þrekvirki. M.a. afboðuðu bæði forseti og mentamálaráðherra sig samdægurs. Í framkvæmdastjórn hátíðarinnar sátu þau Margrét Eir Hjaltadóttir, Jóhann Ágúst Jóhannsson og Kristján Freyr Halldórsson.

*Vök, Auður, Hildur Guðnadóttir, Kristín Anna Valtýsdóttir, Grísalappalísa, Páll Ragnar Pálsson, Ásta og Ingi Bjarni Skúlason* voru á meðal vinningshafa kvöldsins, en alls voru veitt 38 verðlaun auk heiðursverðlauna á annars fjölbreyttri verðlaunaafhendingu, þar sem verðlaun dreifðust á margar hendur. Hin ástsæla sópransöngkona *Sigrún Hjálmtýsdóttir* hlaut heiðursverðlaun Samtóns og

lokátónar kvöldsins voru slegnir Ragga Bjarna til heiðurs. *Margrét Rán Magnúsdóttir* ásamt félögum sínum í *Vök* og *Auður* hlutu flest verðlaun, eða þrenn hvor. *Auður* var valinn söngvari og flytjandi ársins, auk þess sem lag hans *Enginn eins og þú* var valið popplag ársins. *Vök* átti popplötu ársins, *In the Dark*, og *Margrét Rán* var valin lagahöfundur ársins og söngkona ársins. Það kom eflaust fáum á óvart að sigurganga *Hildar Guðnadóttur* héldi áfram á Íslensku tónlistarverðlaununum í kvöld, en hún hlaut tvenn verðlaun fyrir tónlist sína við *Chernobyl*. Að öðru leyti er ekki hægt að segja annað en að verðlaun hafi endurspeglad breiddina sem við búum við og að hinn sanni sigurvegari kvöldsins hafi verið íslensk tónlist og fjölbreytileikinn, en þetta á við alla fjóra flokka Íslensku tónlistarverðlaunanna.

## Samningar við tónlistarveitur

STEF hefur í samstarfi við Norrænu leyfismiðstöðina Polaris gert nokkra samninga við alþjóðlegar tónlistarveitur á starfsárinu. Þannig var gerður samningur við Facebook, en sá samningur er tímabundinn til tveggja ára (enda er gert ráð fyrir að þá verði búið að innleiða tilskipun ESB um höfundarétt á hinum stafræna innri markaði, sem mun hafa áhrif á samningsgerð við slíkar veitur). Samningurinn kveður á um eingreiðslu og hefur henni verið úthlutað hlutfallslega til þeirra sem hafa fengið greitt fyrir streymi frá STEFi. Þá hefur STEF einnig gert samning við SoundCloud, en sá samningur helst í hendur við gangsetningu SoundCloud á nýrri Premium-áskriftþjónustu sem nefnist SoundCloud Go+. Þá hefur einnig verið undirritaður samningur við Apple vegna veitunnar Apple Music.

## Tímamótasamningar við atvinnuleikhúsin

Sá ánægjulegi árangur náðist á árinu, að lokið var gerð nýrra samninga við atvinnuleikhúsin. Um er að ræða tvö samninga, annars vegar rammamótasamninga um frumsamda tónlist og hins vegar var samningi um áður útgefna tónlist endurnýjaður og breytt nokkuð.

### ✓ Samningar um frumsamda tónlist

Um er að ræða rammamótasamninga um frumsamda tónlist við leikverk (s.k. stórréttindi). Í slíkum tilvikum semja leikhúsin beint við tónhöfunda, en skuldbinda sig til að hlýta þeim lágmarkskjörum sem fram koma í rammamótasamningnum. Í samningunum eru ekki bara ákvæði um lágmarksverð, heldur einnig ýmis mikilvæg ákvæði um t.d. endurflutning verks, höfnun verks, útgáfu á verkinu og aðra vinnu tónhöfundar, svo sem vegna æfinga. Í samningnum er kveðið á um viðbótargreiðslu á hverja sýningu, fari fjöldi seldra miða yfir 10.000. Með samningnum fylgir form af samningi á milli leikhúss og tónhöfundar sem hægt er að nota. Þessir samningar hafa þegar tekið gildi og eru komnir á heimasíðu STEFs.

### ✓ Samningar um áður útgefna tónlist

Um er að ræða endurnýjun á eldri samningum og nú með ýmsum réttarbótum. Samningurinn felur í sér fasta árlega greiðslu fyrir notkunarrétt á þeirri tónlist sem STEF hefur umboð fyrir. Fari fjöldi verka fram úr tilteknu hámarki, kemur til viðbótargreiðsla, þannig að höfundum er tryggt ákvæðið lágmarksverð fyrir notkunina. Einnig er greidd sérstök viðbótargreiðsla fari tónlist framyfir 15% af sýningartíma verks. Samningar þessir tóku gildi frá og með 1. janúar 2020.

## Útanlandsferðir STEFs kolefnisjafnaðar

STEF gekk á starfsárinu til samninga við Votlendissjóð um fast árlegt gjald fyrir kolefnisjöfnun ferða starfsfólks og stjórnarmanna STEFs.

## Heiðursmerki STEFs

Þann 19. október 2019, afhenti Bragi Valdimar Skúlason, varaformaður STEFs og formaður FTT, Jóhanni Helgasyni heiðursmerki STEFs, sem og heiðursmerki FTT. Þetta fór fram fyrir fullum sal áhorfenda í Eldborg, Hörpu, þar sem fram fóru 70 ára afmælistónleikar Jóhanns. Til hamingju Jóhann og takk fyrir stórkostlegt framlag þitt til íslenskar tónlistar.



Jóhann móttækur merki

## Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin

Dómnefnd STEFs valdi tónlist Gyðu Valtýsdóttur í kvikmyndinni *Undir halastjörnu* (eða *Mihkel* eins og hún heitir á ensku) sem framlag Íslands til Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna *Harpa*, sem veitt voru þann 24. febrúar 2020.

Stjórn STEFs samþykkti á starfsárinu í samráði við íslensku dómnefndina verklagsreglur um val á framlagi Íslands til verðlaunanna.

## Útibúi NCB á Íslandi formlega lokað

Með samkomulagi milli NCB í Kaupmannahöfn og STEFs hefur útibú NCB á Íslandi verið aflagt. Formleg lokun varð þann 31. mars 2020. Við þetta skref flyst reikningagerð vegna útgáfu (e. work by work) á Íslandi til Kaupmannahafnar. Útgáfa s.k. „standard“ útgefanda hefur ávallt verið í Kaupmannahöfn og verður það áfram. Með þessari breytingu mun STEF hætta að niðurgreiða starfsemi útibúsins hér á landi og getur nýtt starfskrafta starfólksins betur í eigin starfsemi, en hættir um leið að fá árlega rekstrargreiðslu frá NCB. Engar breytingar verða gerðar á starfsmannahaldi á skrifstofu STEFs í tengslum við þessar breytingu, en einhver verkefni flytjast á milli starfsmanna. Áfram mun STEF þó verða fyrsti snertipunktur höfunda í málum sem varða NCB (ekki útgefanda). Þá mun STEF eftir sem áður fá lista yfir verk sem ekki tekst að samkeyra og reyna að leysa úr slíkum málum.

## Þjónustukönnun STEFs 2020

Send var út könnun til meðlima STEFs í maímánuði 2020, þar sem kannað er viðhorf þeirra til þjónustu STEFs. Sambærilegar kannanir voru gerðar árin 2015 og 2018. Niðurstöður þeirra hafa almennt gefið til kynna mikla ánægju með þjónustu STEFs og er lítill munur á milli þessarar könnunar og þeirrar sem gerð var 2018, jafnvel svo lítill að hann er vart marktækur. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- 74% telja þjónustu STEFs standast væntingar.
- 81% segja að komið var fram við viðkomandi af kurteisi og virðingu.
- 71% segja að starfsmaður hafi leyst málið.
- 73% sagði að starfsmaður hafði skilning á erindinu.

Ímynd STEFs virðist þó marktækt betri nú en 2018 (hækkar um 11%). 86% telja ímyndina góða eða mjög góða. Á það einnig við varðandi fullyrðingarnar um hvort viðkomandi líti á STEF sem málsvara sinn gagnvart stjórnvöldum og að STEF gæti hagsmuna viðkomandi sem tónhöfundur. Þeir sem segjast vera sammála og mjög sammála fyrir

fullyrðingunni eru 74% nú, en voru 57% árið 2018. Þeir sem segjast vera sammála síðari fullyrðingunni eru 88% nú, en voru 72% fyrir tveimur árum síðan.

Hvað varðar styrki STEFs, er niðurstaða könnunarinnar eftirfarandi:

- 46% svarenda hafði sótt um styrki.
- Flestir höfðu sótt um í Upptökusjóði (76%) og flestir einnig fengið styrk úr þeim sjóði.
  - 32% höfðu sótt um styrk í Nótnasjóð.
  - 60% höfðu sótt um styrk í Tónskáldasjóð RÚV og STEFs.
  - 38% höfðu sótt um styrk í Tónskáldasjóð Bylgjunnar og Stöðvar 2.
  - 26% höfðu sótt um ferðastyrk.

Hvað varðar mikilvægi þessa þáttar í starfsemi STEFs var niðurstaða könnunarinnar eftirfarandi:

- 86% taldi mikilvægt að STEF veiti styrki til útgáfu hljóðrita.
- 76% taldi mikilvægt að STEF veiti styrki til útgáfu á nótum.
- 65% taldi mikilvægt að STEF veiti ferðastyrki.
- 73% taldi mikilvægt að STEF veiti styrki til annarra tónlistartengdra verkefna (s.s. í gegnum tónskáldasjóði).

## Viðburðir af ýmsum toga

### Tónleikar á Menningarnótt

STEF hélt tónleika á Menningarnótt þann 24. ágúst í bakgarðinum að Laufásvegi (eftir eins árs fjarveru vegna endurbóta húsnæðisins að Laufásvegi). Fram komu Jóhann Helgason, Una Stef og Auður (Auðunn Lúthersson).

### Undirbúningur tónlistarmanna fyrir Airwaves

STEF var með erindi á opnum fundi ÚTÓN sem haldinn var þann 14. ágúst 2019 og ætlaður var þeim tónlistarmönnum sem komu fram á Airwaves.

### Námskeið í upptökutækni

Þann 7. september 2019 stóð STEF fyrir námskeiði fyrir byrjendur í upptökum, þar sem kennt var á forritið Logic Pro X. Kennari var Zöe Ruth Erwin.

### Kynning á breyttum á skattalögum

Kynningarfundur um skattalagabreytingar var haldinn að Laufásvegi þann 26. september 2019. Sérstakur gestur var Bjarni Benediktsson, sem greindi frá tilurð laganna. Auk hans og framkvæmdastjóra STEFs, kynnti Jakob Frímann Magnússon síðan nýju lögin. Þá flutti skattalögfræðingurinn Guðbjörg Þorsteinsdóttir erindi, þar sem hún



greindi frá ávinningi tónhöfunda af lögunum, bæði m.v. að þeir teldu fram sem einstaklingar eða létu tekjurnar renna í gegnum félag.

## Málþing um kvikmyndaþónlist

Þann 3. október 2019 var haldið málþing um kvikmyndaþónlist í samstarfi við ÚTÓN, Tónverkamiðstöð og RIFF í Norræna húsinu. Atli Örvarsons og Jófríður Ákadóttir tóku þátt í hringborðsumræðum, sem og Benedikt Erlingsson og Davíð Þór Jónsson, en aðalfyrirlesari var Annette Gentz frá Þýskalandi, umboðsmaður tónskálda.

## Kynning á nýjum leikhússamningum

Kynningarfundur um leikhústónlist var haldinn þann 22. október 2019, þar sem nýir samningar við atvinnuleikhúsin voru kynntir.

## Vinnustofur með tónlistarráðgjöfum

Í samstarfi við ÚTÓN hélt STEF tvær vinnustofur með erlendum tónlistarráðgjöfum (e. music supervisors) þann 6. og 7. nóvember 2019. Þessar vinnustofur hafa verið haldnar árlega samhliða Iceland Airwaves og verið ákaflega vinsælar, en þar geta tónhöfundar kynnst persónulega erlendum tónlistarráðgjöfum, sem starfa við að koma tónlist í erlenda sjónvarpsþætti og kvikmyndir.

STEF stóð einnig standa fyrir hringborðsumræðum um hljóðsetningu á Iceland Airwaves Pro, ráðstefnuhluta Airwaves.

## Árangri kvenna í tónlist og kvikmyndum fagnað

STEF tók þátt í viðburði þann 6. febrúar 2020 til að fagna góðum árangri kvenna í tónlist og kvikmyndum undanfarið. Fór viðburðurinn fram á Vinnustofu Kjarvals, en aðrir aðstandendur voru Íslandsstofa, ÚTÓN, Kvikmyndamiðstöð, EFA o.fl. Tilfnið var ekki síst frábær árangurs Hildar Guðnadóttur, sem sópað hefur til sín verðlaunum að undanfögnu, en á þessum tímamarki var Hildur ein af tilnefndum tónskáldum til Óskarsverðlauna, sem hún hrepti fjórum dögum síðar, eins og alkunna er.

## Umhverfis tónlistarheiminn á 120 mínútum – Akureyri

STEF og ÚTÓN stóðu fyrir viðburði á Akureyri í maí 2020 undir heitinu „Umhverfis tónlistarheiminn á 120 mínútum“. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Tónlistarskóla Akureyrar og fór fram í Menningarhúsinu Hofi.

## Tengd félög – Nefndir og ráð

STEF er aðili að IHM (Innheimtumiðstöð rétthafa), sem eru hagsmunasamtök 11 höfundaréttarsamtaka og sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota svo og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Jakob Frímann Magnússon*. Ásamt þeim situr svo *Þórunn Gréta Sigurðardóttir* í fulltrúaráði IHM.

- STEF á aðild að Fjölís, sem er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn Fjölís fyrir hönd STEFs situr *Páll Ragnar Pálsson*. Í fulltrúaráði Fjölís situr *Guðrún Björk Bjarnadóttir*.
- STEF á aðild ÚTÓN sem rekur útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar. *Páll Ragnar Pálsson* situr í stjórn ÚTÓNs fyrir hönd STEFs.
- STEF á aðild að Samtóni, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Stærstu verkefni Samtóns eru að halda *Íslensku tónlistarverðlaunin* og *Dag íslenskrar tónlistar*. Fulltrúar STEFs í stjórn Samtóns voru *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Þórunn Gréta Sigurðardóttir* auk *Jakobs Frímans Magnússonar*. Um áramótin sl. tók *Bragi Valdimar Skúlason* sæti Jakobs. Samtónn skipar sérstaka stjórn fyrir íslensku tónlistarverðlaunin. Í stjórninni sátu á starfsárinu *Margrét Eir Hjartardóttir*, *Jóhann Ágúst Jóhannsson* og *Kristján Freyr Halldórsson*. Kristján er tilnefndur í þessa stjórn af hálfu STEFs.
- Í stjórn Upptökusjóðs STEFs sitja *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Oliver Kentish*, *Ragnheiður Gröndal* og *Arnar Freyr Frostason*.
- Í stjórn Nótñasjóðs STEFs sitja *Tryggvi M. Baldvinsson*, *Gunnar Þórðarson*, *Hafdís Bjarnadóttir* og *Úlfar Ingi Haraldsson*.
- Í stjórn Ferðasjóðs STEFs sitja *Lárus Grímsson* og *Rósa Birgitta Ísfeld*.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs sátu fyrir hönd STEFs þeir *Veigar Margeirsson* og *Ríkharður H. Friðriksson*, en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs Bylgunnar og Stöðvar 2 sitja fyrir hönd STEFs þau *Bragi Valdimar Skúlason* og *Þórunn Gréta Sigurðardóttir*, en auk þeirra situr forstjóri Sýnar í stjórninni.
- Í stjórn Tónmenntasjóðs kirkjunnar situr fyrir hönd STEFs *Hildigunnur Rúnarsdóttir* og er *Gunnar Andreas Kristinsson* varamaður hennar.
- Fyrir hönd STEFs situr í Höfundaréttarráði *Karólína Eiríksdóttir*.
- Í hinni íslensku dómnefnd *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna*, sitja þau *Pétur Jónsson*, *Hilmar Oddsson*, *Margrét Örnólfsdóttir*, *Hilmar Örn Hilmarsson* og *Guðrún Björk Bjarnadóttir*. STEF annast umsýslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir *Hallur Ingólfsson* og *Ingi Garðar Erlendsson*.
- Í úthlutunarnefnd á starfsárinu sátu *Guðrún Björk Bjarnadóttir*, *Stefán Hilmarsson* og *Einar Hafliði Einarsson* endurskoðandi.
- Undirnefndir vegna úthlutunar eru þrjár og í þeim sátu:  
Sígræna nefndin: *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Árni Harðarson* og *Lára Rúnarsdóttir*.  
DMB-nefndin (dansleikir, mannfagnaðir, bakgrunnstónlist): *Hreimur Örn Heimisson*, *Stefanía Svavarsdóttir* og *Sveinbjörn Pálsson*.  
Nefnd um kirkjulegar athafnir: *Óskar Einarsson*, *Regína Ósk Óskarsdóttir* og *Þórir Úlfarsson*.
- Í nýstofnaðri jafnréttisnefnd sitja: *Hera Björk Þórhallsdóttir*, *Halldór Smáráson*, *Lára Rúnarsdóttir* og *Jakob Frímann Magnússon*.

## Menningarsjóður STEFs

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum Menningarsjóð STEFs. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarféлага STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera sérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 35 milljónum króna árið 2019 og var fjárhæðin óbreytt milli ára. Af menningarframlaginu var úthlutað kr. 7.058.004 til hvors aðildarfélags, *Félags tónskálda og textahöfunda (FTT)* og *Tónskáldafélags Íslands (TÍ)*. Greinargerðir þeirra um ráðstöfun á framlaginu er að finna hér að neðan.

Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

<b>Menningarsjóður:</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Staða í ársbyrjun.....	3.351.626	429.873
Framlag STEFs.....	35.000.000	35.000.000
Til úthlutunar:	38.351.626	35.429.873
Tillag til TÍ.....	7.058.004	7.782.908
Tillag til FTT.....	7.058.004	7.782.908
Sértillag til TÍ v. framkvæmda á Laufásvegi 40.....	0	2.197.934
Sértillag til FTT v. framkvæmda á Laufásvegi 40.....	0	2.197.934
Framlag v. Samtóns.....	806.251	700.000
Framlög v. ÍTV.....	5.595.767	3.533.626
Framlag v. Útflutningssjóðs Ísl.tónlistar.....	1.500.000	0
Samstarfsverkefni STEFs og ÚTÓN.....	1.708.982	0
Framlag v. ÚTÓN.....	1.500.000	2.200.000
Framlag í Upptökusjóð.....	6.000.000	4.000.000
Styrkir stjórnar.....	396.202	1.000.000
Önnur framlög og kostnaðarþáttaka.....	805.625	622.937
Fræðsla.....	590.449	60.000
Menningarnótt, tónleikar.....	240.180	0
Úthlutað á árinu:	<b>33.259.646</b>	<b>32.078.247</b>
Staða í árslok:	<b>5.092.162</b>	<b>3.351.626</b>

# Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaga 2019

## Greinargerð frá Félagi tónskálda og textahöfunda (FTT)

<b>Menningarframlag STEFs 2019:</b>	<b>7.058.004</b>	<b>Útgjöld:</b>	
		Laun og launatengd gjöld	4.768.024
		Sími og tónlistarveitur	62.092
		Pappír, prentun og ritföng	13.310
		Tölvukerfi	397.183
		Auglýsingar	11.300
		Endurskoðun, bókhald	453.344
		Aðildagjöld, árgjöld	172.820
		Risna og gjafir	231.360
		Ferðakostnaður og dagpeningar	459.886
		Aðkeypt þjón., viðb. og kynningar	828.169
		<b>Samtals:</b>	<b>7.397.488</b>

Ráðstöfun menningarframlags STEFs til Félags tónskálda og textahöfunda má sjá hér að ofan. Rekstur skrifstofu ber þar hæst, en einnig má nefna hýsingu vefsíðu og umsýslu hennar, kostnað við bókhald og gerð ársreiknings o.fl.

Stjórn FTT skipuðu á árinu Bragi Valdimar Skúlason, formaður, Jakob Frímánn Magnússon, varaformaður, Helgi Björnsson, Sóley Stefánsdóttir og Samúel Jón Samúelsson. Varamenn voru Ragnheiður Gröndal og Védís Hervör Árnadóttir. Félagið berst fyrir hagsmunum félagsmanna sinna á mörgum vígstöðvum; innan stjórnýslunnar, hjá fjölmiðlum og ljósvakamiðlum, auk þess að taka þátt í norrænu og evrópsku samstarfi systurfélaga.

Eitt helsta baráttumál FTT hafðist loks í gegn á árinu, þegar skattalögum var breytt, þannig að nú eru höfundaréttargreiðslur skattlagðar sem fjármagnstekjur. Gildir þetta um alla notkun á höfundaverki. Jakob Frímánn Magnússon hefur árum saman verið í framlínu þessarar baráttu og vilja sumir ganga svo langt að nefna hin nýju lög „Frímannslögin“.

Félagið fylgist grannt með spilun og umfjöllun ljósvakamiðla um íslenska tónlist og fundar reglulega með tónlistar- og dagskrárstjórum þeirra og var þetta ár engin undantekning. Rás 2 stendur sig langbest og virðast aðrar stöðvar ekki einu sinni vera hálfdrættingar þegar að þessu kemur. Á Rás 2 er hlutfall íslenskrar tónlistar í kringum 50%.

Söngvakeppni sjónvarpsins er ávallt undir smásjá FTT, sem á sínum tíma barðist fyrir því að RÚV tæki þátt í henni. Fyrirkomulagið er breytilegt á milli ára, en vegna pressu frá FTT hefur verðlaunaféð hækkað jafnt og þétt og keppnin orðið meira aðdráttarafi fyrir höfunda en hafði verið um langa hríð.

Fyrirhuguð menningarferð FTT til Berlínar var felld niður við fall Wow-Air, en hún er enn á dagskránni, þótt erfiðlega gangi að koma henni á koppinn. Nú síðast kom til COVID-19, sem setti margt á ís, m.a. þessa ferð. FTT hefur áður staðið fyrir eftirminnilegum ferðum til Liverpool, Memphis o.fl. borga.

Garðveisla FTT skipar fastan sess hjá félaginu og var hún að þessu sinni haldin í garðinum á Laufásvegi 40. Þar mættu félagsmenn og aðrir gestir, sem oftast en ekki eru áhrifamenn í menningarlífi og fjölmiðlum, og eiga saman gleðistund þar sem söngur og hljóðfærsláttur er áberandi.

## Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands (TÍ)

Menningarframlag STEFs til Tónskáldafélags Íslands er að mestum hluta ráðstafað til daglegs reksturs Tónskáldafélagsins, t.d. kostnað við hýsingu vefsíðu, kostnað við frágang bókhalds og gerð ársreikninga, almenns skrifstofukostnaðar, þátttöku í alþjóðasamstarfi og kostnað við að halda úti stjórn og framkvæmdastjórn. Allur afgangur og öll framlög frá STEFi umfram mánaðarlegt rekstrarframlag rennur til reksturs tónlistarhátíðarinnar Myrkra músíkdaga. Á fimm ára fresti bætist síðan ofan á hátíðarreksturinn, því þá eru Norrænir músíkdagar haldnir hér á landi. Tónskáldafélagið ber ábyrgð á rekstri þeirra og fjármagnar hátíðina að fullu í hvert sinn. Fjármögnun fyrir Norræna músíkdaga 2021 er nú þegar hafin og hefur gengið mjög vel.

### Myrkir músíkdagar

Árið 2019 var sérlega gjöfult fyrir Myrka músíkdaga. Hátíðin tókst með eindæmum vel og var það skipuleggjendum einstakt ánægjuefni þegar fregnir bárust af því að hún hefði hlotið tilnefningu til EFFE Laureate verðlaunanna, sem veitt eru af samtökunum Europe for Festivals, Festivals for Europe. Myrkir músíkdagar voru ásamt 23 öðrum evrópskum hátíðum tilnefndir úr hópi 715 hátíða sem komust á lista Europe for Festivals – Festivals for Europe árið 2018. Myrkir músíkdagar voru þar í hópi BBC proms og fleiri virtra hátíða. EFFE Laureate verðlaunin eru veitt annað hvert ár fimm hátíðum sem þykja skara fram úr hvað varðar listræn gæði, auk þess að hafa mikil áhrif á menningarsamstarf í nærumhverfi sínu. Gunnar Karel Másson, þáverandi listrænn stjórnandi, fór til Brussel til að vera viðstaddur verðlaunaafhendinguna. Þrátt fyrir að Myrkir músíkdagar hafi ekki hlotið verðlaunin var þetta mikil og góð kynning og ekki síður hvatning fyrir teymið til góðra verka.

Framkvæmdarteymi Myrkra músíkdaga var meðal sex frumkvöðlateyma í tónlist sem valin voru til þátttöku í verkefninu Tónlistarhraðall á vegum Tónlistarborgarinnar Reykjavík, Útón og nýsköpunarfyrirtækisins Icelandic Startups sl. haust. Verkefnið bauð aðgang að vinnurými, fræðslu og leiðsögn frá ýmsum sérfræðingum á tónlistar- og nýsköpunarsviði, meðal annars ráðgjafarteymi frá bandaríska MIT háskólanum. Þátttakan reyndist dýrmætt tækifæri til þess að auka við tengslanetið, vekja athygli á hátíðinni og ræða nýja möguleika á sviði tækni, samvinnu og kynningarmála við leiðandi sérfræðinga. Sem dæmi má nefna að hluti af því erlenda fjölmiðlafólki sem sótti hátíðina ár kom einmitt vegna kynningarinnar sem fylgdi þátttöku í Tónlistarhraðlinum.

Í nóvember sl. var tilkynnt að Myrkir músíkdagar yrðu ein af Borgarhátíðum Reykjavíkur næstu þrjú árin. Þetta er mikil viðurkenning fyrir hátíðina, auk þess að treysta fjárhagslegan grunn hennar til mikilla muna og felur einnig í sér sérstaka kynningu á vegum borgarinnar.

Í mars síðastliðnum hlutu Myrkir músíkdagar svo Íslensku tónlistarverðlaunin sem Tónlistarviðburður ársins 2019 í flokki Sígildrar og samtímatónlistar. Þá hlaut viðburðurinn Sýning tónlistar, sem hleypt var af stokkunum með einleikstónleikum Jennifer Torrence, einnig verðlaun sem Tónleikar ársins í sama flokki, en sá viðburður var samstarfsverkefni tónleikaraðarinnar Hljóðön í Hafnarborg og Myrkra músíkdaga 2019.

Nýr listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga er Ásmundur Jónsson og framkvæmdastjóri er Ragnheiður Másil Sturludóttir. Þau tóku við af Gunnari Karel Mássyni og Ásu Fanneyju Gestsdóttur að loknum Myrkum músíkdögum 2020. Tónskáldafélagið hlakkar mjög til samstarfs við nýtt teymi og þakkar hinu fráfarandi sitt framúrskarandi góða starf.

### Alþjóðasamstarf




Tónskáldafélagið er aðili að Norræna tónskáldaráðinu, NKR, sem m.a. heldur úti tónlistarhátíðinni Norrænum músíkdögum. Sú hátíð er haldin til skiptis í aðildarlöndunum, sem voru fimm allt fram til ársins 2016, en þá fékk Færeyska tónskáldafélagið sjálfstæða aðild að ráðinu. NKR fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári, einu sinni í tengslum við Norræna músíkdaga, en þrisvar sinnum þess utan. NKR hefur verið Tónskáldafélaginu mjög mikilvægur bakhjarl í ýmsum málum og aðild félagsins að því mikils virði.



Tónskáldafélagið er einnig aðili að ISCM, International Society for Contemporary Music, sem heldur úti hátíðinni World New Music Days. Það er árleg hátíð sem haldin er í samstarfi við eitthvert aðildarlandanna hverju

sinni. Valið á því hvar hátíðin er haldinn grundvallast á umsóknum frá aðildarlöndum. Aðalfundur ISCM er haldinn samhliða hátíðinni, en hvert aðildarland hefur rétt á að senda tvo fulltrúa á aðalfundinn, einn með fullan atkvæðisrétt en annan með áheyrnarrétt og tjáningarfrelsi. Þá hefur hvert aðildarland rétt á að kynna eitt tónskáld á hátíðinni, sem fær þá eitt verk flutt og fullan þátttökurétt í öllum viðburðum.


---

# Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi STEFs 2019







### HEILDARÚTHLUTUN 2019







**SKIPTING INNLENDRA FLUTNINGSTEKNA 2019**  
**SAMTALS 580.478.586**



# Upplýsingar um úthlutanir og frádráttarliði

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna ([www.stef.is](http://www.stef.is)).

\* \* \* \* \*

Úthlutanir innanlands 2019:	Frádráttarliðir:
<b>158.673.255</b> Úthl. v. útv. og sjónv. (þ.m.t. VOD) <i>þar af eru 76.163.162 skilgr. sem bakgrunnstónlist.</i>	20,3% kostn.hlutfall & 10% menningarframl.
<b>37.815.836</b> Önnur bakgr.tónl. (heilsurækt, kirkjur, o.fl.)	20,3% kostn.hlf. & 10% menningarframl.
<b>27.303.000</b> Frumflutningur	0%
<b>25.847.224</b> Sala á hljóðritum og streymi (NCB og NMP)	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýsl.gj.
<b>28.978.766</b> Lifandi flutningur innanlands	10% umsýslugjald
<b>84.160.284</b> Flutningur erlendis	3% umsýslugjald
<b>362.778.365</b> Samtals	

Erlend systursamtök innheimta höfundaréttindatekjur fyrir STEF, sem úthlutar þeim áfram til réttshafa. Erlendar flutningsréttartekjur skiptast svo á milli landa skv. ársreikningi:

Erlendar tekjur skiptust svo eftir löndum 2019:			
Argentína.....	85.766	Króatía .....	112.402
Austurríki .....	1.380.346	Lettland .....	170.920
Ástralía .....	2.017.305	Litháen .....	203.820
Brasilía .....	137.489	Noregur .....	2.061.871
Bretland .....	13.094.914	Nýja Sjáland.....	432.266
Chile .....	139.932	Portúgal .....	442.559
Danmörk .....	5.806.250	Pólland .....	777.701
Eistland .....	473.390	Rúmenía .....	268.074
Finnland .....	3.729.073	Rússland .....	156.518
Frakkland .....	8.541.769	Slóvakía .....	214.069
Holland .....	4.810.052	Sviss .....	5.153.337
Hong Kong .....	140.172	Svíþjóð .....	4.596.960
Írland .....	589.945	Tékkland .....	369.340
Ísrael .....	664.733	Thailand .....	33.073
Ítalía .....	2.373.562	Ungverjaland .....	431.635
Japan .....	4.853.184	USA .....	12.733.975
Kanada .....	2.223.712	Þýskaland .....	17.703.648
Kólumbía .....	38.640	Ýmsar greiðslur....	1.598.003
		Samtals .....	<b>98.560.405</b>

## Aðrar tekjur en flutningstekjur

Frá SFH (Samband flytjenda og hljómplötframleiðenda) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda samhliða innheimtu höfundaréttartekna. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutnum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:

### Aðrar tekjur sem STEF fékk frá umsýslustofnunum 2019:

36.679.687	Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
20.486.754	Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytjenda og hljómplötframleiðenda)

### Sértekjur Tónmenntasjóða 2019:

8.913.948	Úthlutun frá FJÖLÍS (Nótnasjóður)
12.640.403	Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
7.178.819	Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasjóður RUV og STEFs)
3.000.000	Sértekjur frá SÝN (Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2)
3.000.000	Sértekjur, framlag STEFs (Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2)

### Ógreiddar úthlutanir við áramót 2019-2020:

39.736.888	Ógreitt vegna úthlutana
9.504.370	Ógreitt vegna NCB úthlutunar í janúar 2020
176.625.102	Ógreidd erlend úthlutun (STIM)

## Upplýsingar um meðlimi og skráningar

- Í lok ársins 2019 var fjöldi höfunda á skrá **7.499**.
- Af höfundum á skrá eru **19,44% konur** og **78,55% karlar** (fyrirtæki, útgáfur, samtök 2,01%).
- Nýjum höfundum fjölgaði um **313** á árinu.
- Fjöldi verka á skrá í lok ársins var **92.715**.
- Á árinu var flutningur skráður á **17.868** verk.
- **2.393** höfundar fengu greitt fyrir flutning verka sinna árinu.



22. maí 2020